

## Skólaráð Naustaskóla

7. fundur ársins 2010 þann 3. september kl. 8:10

### Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Jón Stefán Baldursson, Björk Guðmundsdóttir, Erla Rán Kjartansdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Heimir Örn Árnason, Bryndís Björnsdóttir

### Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Staðan tekin.** Fyrsti fundur skólaráðs í haust. Ákveðið að halda föstum fundartíma skólaráðs, 2. föstudag í mánuði kl. 8:10.
2. **Starfið í byrjun skólaárs.** Farið yfir byrjun skólaársins, s.s. fyrirhugað skólafærnisámskeið, fyrirkomulag kynningardags í lok september, aðalfund Foreldrafélagsins o.fl.
3. **Starfsáætlun 2010-2011.** Plaggið er enn í vinnslu. Það var sent fulltrúum í skólaráði með tölvupósti en varla með nægum fyrirvara til að hægt væri að fjalla um það nú. Skólaráðsfulltrúar munu fara yfir drög að Starfsáætlun Naustaskóla 2010-2011 og senda skólastjóra athugasemdir og ábendingar.
4. **Staðsetning hjúkrunarheimilis.** Rætt um þær skiptu skoðanir sem uppi eru um hentuga staðsetningu nýs hjúkrunarheimilis í bænum. Skólaráð sér ekki mikinn mun á þeim kostum sem virðast vera í skoðun, í báðum tilvikum er um að ræða staðsetningu í íbúðahverfi, í nágrenni við leik- og grunnskóla. Fundarmenn eru sammála um að það væri kostur fyrir skólann og hverfið ef hjúkrunarheimilið yrði staðsett í Naustahverfi.
5. **“Götustubbur” milli Naustatjarnar og Naustaskóla.** Jón Stefán benti á að töluvert er um að keyrt sé inn á vegstubbinn milli stofnananna, t.d. þegar verið er að keyra börn í skólann, bílar þurfa svo að bakka út aftur sem hefur hættu í för með sér. Rætt um hvernig leysa megi þetta mál. Skólastjóri tekur málið upp að nýju.

Næsti fundur skólaráðs er áætlaður föstudaginn 8. október 2010.

Fleira ekki tekið fyrir,

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð